

Mánudaginn 20. desember 1950.

Nr. 164/1950. **Jón M. Pétursson**  
 gegn  
**Herði Runólfssyni.**

Útivistardómur.

**Dómur Hæstaréttar.**

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Jón M. Pétursson, er eigi sækir dómþing í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 22. desember 1950.

Nr. 47/1950. **Bengta K. Andersen** (Magnús Thorlacius)  
 gegn  
**Brynjólfi Magnússyni og gagnsök**  
 (Theódór B. Lindal).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson  
 í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Dánarbætur.

**Dómur Hæstaréttar.**

Aðaláfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. apríl 1950, gerir þær dómkröfur, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða henni kr. 68200.00 með 6% ársvöxtum frá 3. febrúar 1948 til greiðsludags og málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins svo og að dæmdur verði gildur lögveðréttur henni til handa í bifreiðinni R 5617 fyrir dæmdum fjárhæðum.

Gagnáfrýjandi, sem hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 21. júlí 1950, skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 28. s. m.,

gerir þessar dómkröfur: *Aðallega*, að hann verði algerlega sýknaður af kröfum aðaláfrýjanda og honum dæmdur málskostnaður úr hendi hennar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, en *til vara*, að fébætur verði lækkaðar og honum dæmdur málskostnaður úr hendi aðaláfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Samkvæmt því, sem fram er komið í málinu um verksummerki á slysstað, áverka o. fl., er ljóst, að Sigurður K. Guðlaugsson heitinn var á ferð á hjóli sínu eða með það á veginum framundan bifreið gagnáfrýjanda, áður en gagnáfrýjandi ók á hann. Ekki þykir í ljós leitt, að Sigurður heitinn hafi hagað sér svo óvarlega eða öðruvísi en almennt tíðkast um gætna hjólreiðarmenn, að honum verði gefin sök á slysinu. Gagnáfrýjandi varð Sigurðar ekki var, fyrr en slysið var orðið. Verður að meta honum þetta til svo mikils gáleysis, að leggja verður alla sök á slysinu á hendur honum og gera honum að bera það tjón, er af því hlaut, sbr. 34. gr., 1. mgr., laga nr. 23/1941.

Tveir tryggingarfræðingar hafa með líkindatölum reiknað innstæðu tjónbóta handa aðaláfrýjanda miðað við 3. febrúar 1948. Er fébótareikningur þessi í þremur liðum:

- |  |              |
|--|--------------|
| 1. Bætur miðaðar við tekjur þær, sem gera má ráð fyrir, að aðaláfrýjandi hefði haft vegna starfslauna eiginmanns síns til 70 ára aldurs hans ..... | kr. 87843.00 |
| 2. Bætur miðaðar við tekjur, er gera má ráð fyrir, að aðaláfrýjandi hefði haft af lífeyri eiginmanns síns .....                                    | — 17016.00   |
| 3. Bætur miðaðar við tekjur, er gera má ráð fyrir, að aðaláfrýjandi hefði haft af ekkjulífeyri, að manni sínum önduðum .....                       | — 28298.00   |

---

Samtals kr. 133157.00

Þá hafa tryggingarfræðingarnir með líkindatölum reiknað innstæðu þess lífeyris, er aðaláfrýjandi nú nýtur .....

---

kr. 64019.00

Mismunur þessara innstæðna er .....

---

kr. 69138.00

Með hliðsjón af þessu og þegar litið er til þess, að aðaláfrýjandi hefur þegar fengið greiddar kr. 10800.00 í ekkjubætur og dánarbætur og að dæmdar fébætur verða ekki taldar henni tekjur við álagning tekjuskatts og útsvars, þá þykir rétt að ákveða bæturnar kr. 40000.00. Ber að dæma gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjanda þessa fjárhæð ásamt 6% ársvöxtum frá 3. febrúar 1948 til greiðsludags. Svo ber og gagnáfrýjanda að greiða aðaláfrýjanda kr. 6000.00 málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, og hefur aðaláfrýjandi lögveð í bifreiðinni R 5617 til tryggingar fjárhæðum þessum.

#### Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, Brynjólfur Magnússon, greiði aðaláfrýjanda, Bengtu K. Andersen, kr. 40000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 3. febrúar 1948 til greiðsludags og kr. 6000.00 málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, og hefur aðaláfrýjandi lögveð í bifreiðinni R 5617 til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

#### Dómur bæjarþings Reykjavíkur 15. marz 1950.

Mál þetta, sem dómtekið var 6. þ. m., hefur Bengta K. Andersen, Ránargötu 19, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 28. janúar 1949 gegn Brynjólfi Magnússyni bifreiðarstjóra, Vesturgötu 66, hér í bænum, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 68200.00 með 6% ársvöxtum frá 3. febrúar 1948 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Þá hefur stefnandi krafizt þess, að viðurkenndur verði lögveðréttur hennar í bifreiðinni R 5617 til tryggingar hinum dæmdu fjárhæðum.

Þá hefur Samvinnutryggingum, gagnkvæmri tryggingastofnun, hér í bæ, verið stefnt til réttargæzlu, en síðargreind bifreið stefnda R 5617 var váttryggð hjá því félagi. Engar kröfur hafa verið gerðar á hendur réttargæzlustefndu og þær hafa engar kröfur gert.

Stefndi hefur *aðallega* krafizt sýknu af kröfum stefnandi og málskostnaðar sér til handa að mati dómarans. *Til vara* hefur hann krafizt lækkunar á kröfum stefnandi og að málskostnaður verði látinn niður falla.

Málsatvik eru þau, að þann 3. febrúar 1948 lézt Sigurður Guðlaugsson, eiginmaður stefnandi, af meiðslum, er hann hlaut í umferðarslysi á Suðurgötu hér í bæ sama dag.

Stefndi hefur skýrt svo frá atvikum, að þann 3. febrúar 1948 um kl.

17.30 hafi hann ekið vöruflutningabifreið sinni R 5617 norður Suðurgötu með um 15 til 20 km hraða miðað við klst. Hreyfill bifreiðarinnar hafi verið í þriðja ganghraðastigi, en ganghraðastig séu fjögur áfram. Hafi hann verið nýbúinn að skipta úr fjórða ganghraðastigi, er slysið varð. Hann hafi ekið á vinstra vegarhelmingi. Ljósker bifreiðarinnar hafi verið tendruð. Er hann hafi verið staddur á móts við húsið nr. 3 við Suðurgötu, hafi hann allt í einu fundið, að eitthvað kom við hægri hlið vörupalls bifreiðarinnar og hægra afturhjólíð. Hafi hann þá hemlað, en bifreiðin runnið áfram 1 eða 2 metra. Bifreiðin hafi þá staðið um 1 meter frá vestari gangstéttarbrún Suðurgötu. Er hann kom út, hafi hann séð mann liggja fyrir aftan pall bifreiðarinnar og reiðhjól við hægra afturhjól hennar. Menn, er þarna bar að, tóku hinn slasaða, sem síðar reyndist vera Sigurður Kr. Guðlaugsson, Ránargötu 19, eiginmaður stefnandi, upp í bifreið og fóru með hann á Landsspítalann. Sigurður heitinn mun hafa látizt á leiðinni þangað eða strax, er á sjúkrahúsið kom.

Maður, er staddur var inni í verzlun í húsinu nr. 3 við Suðurgötu í umrætt sinn, hefur skýrt svo frá sem vitni, að er hann kom úr verzluninni út á gangstéttina, hafi hann séð bifreiðina R 5617, sem var að stöðvast, hinum megin á götunni, beint á móti. Ekki hafi hann heyrt nein hemlahljóð. Bifreiðin hafi staðið beint fyrir á götunni, snúið til norðurs og staðið öll á vinstra vegarhelmingi, um 2 til 3 fet frá vestari gangstéttarbrún. Við afturhorn vörupalls bifreiðarinnar hægra megin hafi legið maður á bakinu. Hafi höfuð hans snúið að bifreiðinni, en fætur þversum út á götuna. Reiðhjól lá á milli fóta mannsins, og sneri framhjól þess til suðurs. Húfa mannsins hafi verið föst milli hægri afturhjóla bifreiðarinnar, sem eru tvö. Hafi hún verið undir pallinum rétt fyrir aftan lóðrétta línu, er dregin væri í gegnum hjólöxulinn. Maður þessi hafi hljóðað, er að honum var komið. Ökumaður R 5617, stefndi í máli þessu, hafi komið þarna að í sama mund, og að ósk hans kveðst vitnið hafa farið með hinn slasaða á Landspítalann. Vitni þetta kveðst ekki hafa séð til hjólreiðamannsins, áður en slysið varð, en hefur gizkað á, að hann hafi verið á leið suður götuna og miðar það við legu reiðhjólsins.

Annar maður, sem var inni í umræddri verzlun og kom á vettvang í sama mund, hefur skýrt á sama hátt frá atvikum. Þetta vitni hefur einnig talið, að slasaði muni hafa verið á leið suður götuna, og byggir það á sömu atriðum og fyrrgreint vitni. Vitni þessi gáfu bæði skýrslu um atburð þenna sama dag og hafa síðar staðfest hann bæði fyrir lögreglurétti Reykjavíkur og bæjarþinginu.

Afgreiðslustúlka í umræddri verzlun í húsinu nr. 3 við Suðurgötu hefur skýrt svo frá, að hún hafi staðið í verzluninni í umrætt sinn. Allt í einu hafi hún heyrt einhvern hávaða, litið út og séð bifreið, sem ekið var norður götuna. Þá hafi hún séð mann á reiðhjóli, er virtist aka í sömu átt og rakst á afturhorn vörupalls bifreiðarinnar hægra megin og féll í götuna. Kveðst stúlka þessi hafa farið út og séð vasaljós á götunni fyrir framan dyr verzlunarinnar. Enn fremur hafi hún séð húfu hins slasaða

liggja á götunni framanvert við bifreiðina. Vitni þetta gaf ekki skýrslu um atburð þenna fyrr en 3. október 1949.

Svo sem áður getur, var Sigurður heitinn þegar eftir slysið fluttur á Landsspítalann. Lík hans var krufið næsta dag, og segir í krufningarskýrslunni:

„Við krufninguna fannst höggvið sár á höfði vinstra megin, enn fremur mörg brot á rifjum beggja megin, en þó sérstaklega vinstra megin. Vinstra viðbein var einnig brotið. Hægra lunga var tætt í sundur á 3 stöðum, og hafði blætt svo mikið inn í lungnavefinn, að hann var að miklu leyti orðinn óstarfhæfur. Einnig hafði blætt töluvert inn í hægra brjósthol. Þá fannst einnig stór sprunga á lifrinni, og hafði blætt nokkuð úr henni inn í kviðarhol, en þó ekki stórkostlega.

Hin mikla blæðing inn í hægra lunga hefur leitt hann til bana og það því fremur, sem vinstra lunga mátti heita óstarfhæft af gamalli, gróinni berklaveiki. Svo virðist, sem maðurinn hafi verið undir áhrifum vins.

Við rannsókn á blóði hins látna fundust reducerandi efni, sem svöruðu til 1.56% af vínanda.“ (próf. Jón Steffensen).

Ekkert er um það vitað, á hvaða leið Sigurður heitinn var, er slysið varð, hvorki hvaðan hann kom né hvert hann ætlaði. Reiðhjól Sigurðar heitins var óskemmt eftir slysið og í góðu lagi. Þó var ekki á því neinn ljósaútbúnaður. Hins vegar fannst vasaljós í vasa hans eftir slysið.

Bifreiðin R 5617 var nýleg, er slysið varð. Mesta breidd hennar mun hafa verið 2.24 m. Við skoðun slysdaginn reyndist hún í ágætu lagi að öðru leyti en því, að handhemill var óvirkur.

Veður var gott, er slysið varð, og götur þurrar og snjólausar. Nokkuð var rökkvað.

Lögreglan kom á vettvang skömmu eftir slysið og gerði teikningu af staðháttum. Suðurgatan er þarna um 6 metra breið og malbikuð. Um 2.5 m frá vestari gangstéttarbrún fannst hárflygsa úr hári Sigurðar heitins.

Kröfur sínar í máli þessu byggir stefnandi á því, að stefndi eigi alla sök á slysi þessu. Hafi Sigurður heitinn verið á leið suður götuna og komið á móti stefnanda, sem þá hafi átt að sjá hann. Sama máli gildi, ef Sigurður heitinn hafi verið á leið norður götuna og stefndi ekið fram hjá honum. Stefndi hafi ekið um miðju götunnar og með of miklum hraða, eins og á stóð. Þá hefur stefnandi bent á, að stefndi hafi bæði látið flytja hinn slasaða burtu, áður en lögreglan kom á vettvang og eins flutt bifreiðina til og þannig spillt sönnunargögnum.

Sýknukröfu sína byggir stefndi á því, að hann eigi enga sök á, hvernig fór. Hann hafi ekið hægt í umrætt sinn og stöðvað þegar í stað, er hann varð var við, að eitthvað var að. Hafi Sigurður heitinn komið á móti bifreiðinni, hafi hann verið ljóslaus og á röngum vegarhelmingi og eigi þannig alla sök á slysinu. Hafi hann komið á eftir bifreiðinni, en það telur stefndi sennilegast, hafi hann ekki gætt að sér, er hann ætlaði að aka fram hjá bifreiðinni og eigi alla sök á, hvernig fór, enda hafi það þá alls ekki verið á valdi stefnda að forða slysinu. Enn hefur stefndi bent á, að Sigurður

heitinn muni í umrætt sinn hafa verið undir áhrifum áfengis og því ekki eins aðgætinn og öruggur í akstri og annars mundi vera.

Svo sem að framan getur, er ekki fram komið, á hvaða leið Sigurður heitinn var, er slysið varð. Ef virtar eru aðstæður allar og meiðsl þau, er hann hlaut, þá virðast verulegar líkur benda til þess, að hann hafi verið á leið norður götuna á undan stefnda, sem hafi ekið fram hjá honum. Hefur stefndi þá ætlað að aka vinstra megin fram hjá Sigurði heitnum, en slíkt er óheimilt. Ef þessu var þannig háttáð, verður að telja stefnda það til vangæzlu að hafa ekki veitt Sigurði heitnum athygli. Hafi Sigurður heitinn hins vegar verið á leið suður götuna og þannig mætt bifreiðinni, hlýtur það að metast stefnda til gáleysis að hafa ekki veitt honum athygli, áður en slysið varð, enda mundi þá hafa verið hægt að forða slysi og líkindi til, að nægt hefði, að hljóðmerki hefði verið gefið.

Í málinu hefur ekkert það fram komið, er bendi til þess, að Sigurður heitinn hafi ekið fram á bifreiðina.

Með vísan til þessa verður ekki talið, að leitt sé í ljós, að slysinu hefði ekki orðið afstýrt, þótt stefndi hefði sýnt fulla aðgæzlu og varkárni. Ber hann því samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 34. gr. bifreiðalaganna nr. 23 frá 1941 fébótaábyrgð á tjóni því, er af hlautzt.

Af því, sem fram hefur komið í málinu, er ljóst, að Sigurður heitinn hefur hjólað sem næst eftir miðju götunnar, en ekki haldið sig á vinstri vegarhelmingi, svo sem honum bar samkvæmt ákvæðum 6. gr. umferðarlaganna nr. 24 frá 1941. Kemur þetta jafnt til, hvort sem hann hefur verið á leið suður eða norður götuna. Þá er ekki fullvíst, að hann hafi haft ljós á reiðhjólínu, svo sem honum bar samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 11. gr. umferðarlaganna. Svo sem áður getur, fundust í blóði Sigurðar heitins efni, er svöruðu til 1.56% af vinanda. Telja verður sannað með þessu, að Sigurður heitinn hafi verið eitthvað undir áhrifum áfengis, er slysið varð, og gera má ráð fyrir, að slíkt hafi slævt aðgæzlu hans og varkárni. Þegar allt þetta er virt, verður að telja, að Sigurður heitinn hafi verið meðvaldur að slysinu.

Með vísan til þessa alls þykir hæfilegt að skipta ábyrgð á slysi þessu þannig, að stefndi beri að helming fébótaábyrgð á tjóni því, er af hlautzt.

Svo sem að framan getur, hefur stefnandi krafizt dánarbóta að fjárhæð kr. 68200.00.

Stefndi hefur mótmælt kröfu þessari sem allt of hárrí. Hefur hann í því sambandi sérstaklega bent á, að Sigurður heitinn hafi verið heilsuveill.

Sigurður heitinn var fæddur 17. júní 1887. Hann var kvæntur, og er kona hans, stefnandi í máli þessu, fædd 21. október 1892. Þau hjónin áttu ekki börn. Hann virðist hafa verið sæmilega heilsuhraustur, en samkvæmt krufningarskýrslunni hefur hann haft lungnaberkla, sem virðast þó hafa verið læknaðir. Þá fannst nokkur vottur um æðakölkun. Sigurður heitinn starfaði sem innheimtumaður hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur, og námu laun hans árið 1947 kr. 23226.34. Samkvæmt skattaframtali hans nam hrein eign hans í lok þess árs kr. 35328.00. Tryggingar-

stofnun ríkisins hefur greitt stefnandi kr. 9000.00 í dánarbætur, og Almannatryggingarnar hafa greitt henni kr. 1800.00 sem ekkjubætur. Mun hún ekki fá frekari bætur frá þessum aðiljum. Þá hefur stefnandi notið eftirlauna frá Eftirlaunasjóði Reykjavíkurborgar frá 1. marz 1948, og hafa eftirlaunin numið kr. 108.00, að viðbættri verðlagsuppbót, á mánuði hverjum. Eftirlaunum þessum mun stefnandi halda framvegis.

Stefnandi hefur látið tryggingafræðing reikna út „kapitalverð“ framfærslueyris til 55 ára gamallar konu eftir 60 ára mann, miðað við, að maðurinn hefði kr. 600.00 að viðbættri verðlagsuppbót í mánaðarlaun og konan nyti helmings þeirra tekna. Nam sú fjárhæð kr. 68200.00.

Þegar virtur er aldur Sigurðar heitins, heilsa hans, möguleikar til tekjuöflunar, aldur stefnandi, bætur þær, er hún hefur þegar fengið, svo og önnur þau atriði, er hér skipta máli, þykir tjón hennar hæfilega metið kr. 36000.00.

Samkvæmt framangreindu ber stefnda að bæta helming þess, eða kr. 18000.00.

Að því er varðar vexti, þá hefur stefndi mótmælt vöxtum frá fyrri tímamarki en 5. jan. 1949, en þann dag kom stefnandi fyrst fram með bótakröfu sína. Eftir öllum atvikum þykir rétt að dæma vexti frá slysdagi, svo sem krafizt er.

Eftir þessum málalokum ber stefnda að greiða stefnandi málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 2100.00.

Samkvæmt ákvæðum 5. mgr. 34. gr. bifreiðalaganna á stefnandi lögveð í bifreiðinni R 5617 til tryggingar fjárhæðum þessum.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

#### Dómsorð:

Framangreindur lögveðréttur er viðurkenndur.

Stefndi, Brynjólfur Magnússon, greiði stefnandi, Bengtu K. Andersen, kr. 18000.00 með 6% ársvöxtum frá 3. febrúar 1948 til greiðsludags og kr. 2100.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.